



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2024
USK23110063

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 11.7.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Borgartúnsreitur vestur - Breyting á deiliskipulagi - Borgartún 1 og 3 og Guðrúnartún 4 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. júlí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2024 á auglýsingu á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Borgartún og 4 við Guðrúnartún, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt með sex atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn atkvæði borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands.

Málið er fullnaðarafgreitt á fundi borgarráðs í sumarleyfi borgarstjórnar með vísan til ákvæða 5. mgr. 35. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Björn Axelsson og Ævar Harðarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja að málið fari í lögbundið samráðsferli en gera hefðbundna fyrirvara um endanlega afgreiðslu málsins þegar það kemur aftur til ráðsins að loknu samráði.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista minnir á að á þessum reit, í Borgartúni 1, er rekin mikilvæg samfélagsleg starfsemi (m.a. Samhjálp og Hlutverkasetur). Það er afar mikilvægt að henni sé tryggður staður sem er miðsvæðis fyrir þau sem hana sækja áður en veitt eru leyfi til þess að úthýsa henni í þágu uppbyggingar lóðarhafa á reitnum, sérstaklega í ljósi þess að um er að ræða hótélbyggingu. Á meðan ekkert útsvar fæst af fjármagnstekjum þá er fjárhagslegur ávinningur borgarinnar af hótélbyggingum í borginni lítill, ef einhver. Nær einu tekjur borgarinnar af ferðamannaíðnaði eru af launum láglaunafólks í verslun og þjónustu sem í vaxandi mæli hafa ekki efni á búsetu í borginni. Á meðan lítið atvinnuleysi er í borginni, ætti borgin fremur að beita sér fyrir því að hótélbyggingar skapi ekki samkeppni við íbúðahúsbyggingar um þá byggingaverktaka sem starfa á höfuðborgarsvæðinu og hafa bolmagn til stórbygginga.



Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða að byggja fimm hæða hótél á þessum reit. Í breytingunni sem lögð er til felst sameining þriggja lóða í eina lóð. Gríðarleg aukning verður á byggingarmagni og er ætlunin að reisa hótélbyggingu á hinni sameinuðu lóð, samkvæmt uppdráttum T.ark arkitekta ehf., dags. 13. júní 2024. Gera má ráð fyrir þrengslum og slæmu aðgengi þarna enda nú þegar nokkur þéttleiki á svæðinu. Fulltrúi Flokks fólksins veltir því fyrir sér hvort ekki væri nær að byggja þarna íbúðir í ljósi mikils íbúðarskorts á höfuðborgarsvæðinu. Þessi reitur er þess utan afar dýrmætur, er miðsvæðis og í göngufjarlægð frá miðbænum og nágrenni. Undir þessum kringumstæðum er rétt að spyrja sig að því hvort hótélbygging ætti að vera í forgangi. Áhrif af svo stórri byggingu munu verða nokkur á umhverfið, um það er engum blöðum að fletta. Athugasemdir eiga eftir að berast og væntir fulltrúi Flokks fólksins þess að þær verði vel ígrundaðar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit: